

Föstudaginn 17. febrúar 1984.

Nr. 174/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Axel Gunnari Ólafssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

og

Hannes Þóri Hávarðarsyni

(Stefán Pálsson hrl.)

Líkamsárás. Skjalafals. Þjófnaður. Brot gegn friðhelgi einkalífs. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 9. ágúst 1983 áfrýjað til Hæstaréttar dómi sakadóms Reykjavíkur 6. apríl 1983 í máli, sem höfðað hafði verið af hálfu ákærvalds gegn ákærðu báðum með ákæru 28. október 1982. Þá hefur hann með stefnu sama dag áfrýjað dómi sakadóms Reykjavíkur 7. apríl 1983 í máli á hendur ákærða Axel Gunnari Ólafssyni, er höfðað hafði verið með ákæru 25. janúar 1983. Loks hefur ríkissaksóknari áfrýjað með stefnu sama dag dómi sakadóms Reykjavíkur 11. maí 1983 í máli gegn ákærða Hannesi Þóri Hávarðarsyni, höfðuðu með ákæru 18. ágúst 1982. Málum þessum er af hálfu ákærvalds áfrýjað til þyngingar, en ákærðu höfðu ekki óskað áfrýjunar.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Ríkissaksóknari og verjendur hinna ákærðu hafa lýst yfir því, að þess sé eigi óskað, að skaðabótakröfur þær, sem dæmdar voru í hinum áfrýjuðu dómum, verði teknar til meðferðar í Hæstarétti. Koma þær því eigi til úrlausnar Hæstaréttar, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

I.

Dómur 6. apríl 1983.

Með dómi þessum var dæmt um ákæru á hendur fimm sakborn-

ingum, en málinu er einungis áfrýjað að því er varðar ákærðu Axel Gunnar Ólafsson og Hannes Þóri Hávarðarson.

Um ákærulið II. 1. Sannað þykir með framburði ákærða Hannesar Þóris og meðákærða Axels Gunnars og vitnisburði Hlyns Júlíussonar, að ákærði Hannes hafi með vísitandi líkamsárás aðfaranótt 1. mars 1981 valdið Hlyn Júlíussyni verulegu tjóni á líkama og heilbrigði, svo sem lýst er í vottorðum lækna Grétars Guðmundssonar og John E. G. Benedikz. Hefur ákærði Hannes þannig unnið til refsingar samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga. Aðferð sú, er ákærði beitti við brotið, var hættuleg, sbr. 2. mgr. 218. greinar, en eins og ákæru er háttað, ber þó að miða refsingu við 1. mgr. sömu greinar. Það er aðfinnsluvert, að eigi hafa verið teknar dómskýrslur út af þessu atriði af þeim Friðrik Pétri Welding Magnússyni og vitnunum Ingu Helgu Nielsdóttur og Júlíusi Hlynsyni.

Um ákærulið III. Ákærðu fóru saman í heimildarleysi inn í húsið nr. 54 við Grettisgötu aðfaranótt 26. ágúst 1981 og slógu þar eign sinni á flösku með slatta af hvítvíni. Varðar það við 244. gr. almennra hegningarlaga, og þykir það ákvæði, eins og hér stendur á, tæma sök, þannig að eigi verði jafnframt refsað fyrir brot gegn 231. gr. sömu laga. Ákærðu réðust síðan á húsráðandann, Má Kristjánsson, og ollu verulegum áverkum á honum. Áverkarnir voru slíkir sem gert er ráð fyrir í 218. gr. og aðferð ákærðu við að valda þeim mjög hættuleg, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Ákærðu verður þó, eins og saksókn er varið, einungis refsað fyrir þetta brot innan marka 217. gr. hegningarlaga. Refsingu ákærða Axels Gunnars ber að þessu leyti að ákveða með hliðsjón af 218. gr. a. nefndra laga, þar sem hann hefur áður sætt refsingu fyrir brot gegn 217. gr. laganna.

Um önnur sakarefni máls þessa þykir mega staðfesta sakarmat hins áfrýjaða dóms og færslu til refsíákvæða.

II

Dómur 7. apríl 1983

Staðfesta ber niðurstöðu dóms þessa um sakarmat og færslu til refsíákvæðis.

Það athugast, að samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga hefði

héraðsdómara, eins og hér stóð á, verið rétt að taka bæði málin til meðferðar, þ.e. mál það, sem dæmt hafði verið daginn áður, og mál samkvæmt ákæru 25. janúar 1983, og dæma þau í einu lagi.

III

Dómur 11. maí 1983

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur vitnið Jónatan Jóhannesson komið fyrir dóm. Hann kveðst ekki hafa gefið ákærða Hannesi Þóri neina heimild til þess að taka peninga út úr sparisjóðsbók sinni. Hann hafi ekki vitað til þess fyrr en daginn eftir heimsókn ákærða, að fé hafði verið tekið út úr bókinni og ekki hafi hann vitað, hver þar hefði verið að verki, fyrr en hann frétti um það hjá rannsóknar-lögreglu ríkisins.

Ákærði hefur einnig komið fyrir dóm að nýju og sagt, að fram-burður Jónatans um skipti þeirra muni vera réttur. Sé það sjálfsagt rétt, að hann hafi enga heimild fengið hjá Jónatan til úttektarinnar.

Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn hans um fyrri lið ákæru 18. apríl 1982.

Einnig hefur Gunnar Ragnar Gunnarsson, Neðstabergi 7, borið vitni eftir uppsögu héraðsdóms. Hann kveðst hafa verið í skemmti-staðnum Hollywood og glatað þar veski sínu, er hann geymdi í rass-vasa. Hann telur eigi útilokað, að hann hafi misst veskið upp úr vasanum, þótt hann telji það ólíklegt.

Samkvæmt þessu og forsendum héraðsdóms ber að telja ákærða sannan að verki því, sem lýst er í síðari lið ofangreindrar ákæru. Þykir verknaðurinn vera þjófnaður og varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, eins og í ákæru greinir.

IV

Svo sem lýst er í hinum áfrýjuðu dómum, hafa báðir ákærðu langan brotaferil að baki, einkum Hannes Þórir. Verða báðir að teljast vanaafbrotamenn, og ber að líta til 72. gr. almennra hegning-arlaga við refsíákvörðun.

Refsing ákærða Axels Gunnars Ólafssonar verður með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga ákveðin fangelsi 10 mánuði. Fram hefur komið, að ákærði hefur ekki verið kærður fyrir nein ný brot síðan hinir áfrýjuðu dómar gengu, og hann hefur stundað vinnu hin síðustu misseri. Eigi þykir þó fært að fresta fullnustu refs-

ingarinnar gegn skilyrðum, þegar lítið er til langs brotaferils ákærða og þess, að hann er nú sakfelldur fyrir mörg brot, þar á meðal alvarlegar líkamsárásir.

Samkvæmt gögnum málsins var Axel Gunnar úrskurðaður kl. 1516 hinn 18. mars 1981 til þess að sæta gæsluvarðhaldi til 13. sama mánaðar kl. 1500. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti hefur komið fram, að hann hafi ekki verið látinn laus, fyrr en gæsluvarðhald samkvæmt úrskurðinum rann út. Þykir samkvæmt 76. gr. hegningarlaga rétt að draga vist þessa, 5 daga, frá refsingu ákærða Axels.

Refsingu ákærða Hannesar Þóris Hávarðarsonar ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga svo og 78. gr. sömu laga að því er varðar brot ákærða, sem talin eru í ákæru 28. október 1982, II. - VI. kafla, og öll eru framin fyrir 28. október 1981, er ákærði var dæmdur til 4 mánaða fangelsisrefsingar. Er refsing hans hæfilega ákveðin 15 mánaða fangelsi. Ekki þykja efni til þess að skil-orðsbinda refsinguna.

Ákærði Hannes Þórir sætti gæsluvarðhaldi frá 8. til 13. mars 1981, eða 5 daga, og enn fremur frá kl. 1146 hinn 29. ágúst til kl. 1320 hinn 4. september sama ár, en sú vist telst 7 dagar. Ber samkvæmt 76. gr. hegningarlaga að draga gæsluvarðhaldsvistina, alls 12 daga, frá refsingu ákærða.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði dóma 7. apríl og 11. maí 1983, og einnig þykir mega staðfesta málskostnaðarákvæði dóms 6. apríl 1983 að því er varðar ákærðu.

Ákærðu verða dæmdir til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þannig að hvor um sig greiði málsvarnarlaun verjanda síns, en annan kostnað, m.a. saksóknarlaun í ríkissjóð, greiði ákærðu in solidum.

D ó m s o r ð:

Ákærði Axel Gunnar Ólafsson sætti fangelsi 10 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans í 5 daga.

Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson sætti fangelsi 15 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans í 12 daga.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um málskostnað eiga að vera óröskuð að því er ákærðu varðar.

Ákærði Axel Gunnar greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000.00 krónur. Ákærði Hannes Þórir greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000.00 krónur. Annan áfrýjunarkostnað, þar á meðal 15.000.00 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs, greiði ákærðu in solidum.

S é r a t k v æ ð i
hæstaréttardómaranna Sigurgeirs Jónssonar og
Guðmundar Jónssonar.

Við föllumst á dómsatkvæði meiri hluta dómenda Hæstaréttar í máli þessu að öðru leyti en um ákvörðun refsinga ákærðu. Með tilliti til þess, hversu alvarleg afbrot er um að ræða, sérstaklega stórháskalegar líkamsmeiðingar, svo og með tilliti til brotaferils ákærðu og fjölda brotanna teljum við refsingu hæfilega ákveðna 18 mánaða fangelsi fyrir Axel Gunnar Ólafsson og 24 mánuði fyrir Hannes Þóri Hávarðarson.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti voru lögð fram gögn um óslitna vinnu ákærða Axels Gunnars frá því í byrjun septembermánaðar 1982, en hann hefur ekki, svo vitað sé, gerst sekur um ólöglegt athæfi, frá því er brot þau voru framin, sem fjallað er um í þessu máli. Þá gerði verjandi þessa ákærða grein fyrir heimilisstofnun hans og lækningu af vímuefna- og drykkjufýsni, en allt þetta taldi hann sýna, að um algera stefnubreytingu á lífsháttum væri að ræða hjá honum. Öllu þessu taldi verjandinn stofnað í hættu, ef ákærði Axel Gunnar yrði settur í fangelsi.

Það er skoðun okkar, að sérstökum varnaðaráhrifum refsingar sé ekki stofnað í hættu með því að skilorðsbinda refsidóm yfir ákærða Axel Gunnari. Jafnframt teljum við hættu á, að dregið verði úr almennum varnaðaráhrifum dóms yfir honum, ef skilorði yrði beitt, svo litla, að víkja skuli fyrir þeim miklu hagsmunum, sem bundnir eru því, að til fangelsisvistar hans komi ekki, svo sem högum hans er nú háttað.

Samkvæmt þessu teljum við, að refsing ákærðu ætti að vera eins og að framan greinir, en að fresta beri fullnustu refsingar Axels Gunnars Ólafssonar og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef hann

heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. apríl 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 6. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 127-131/1983: Ákærvaldið gegn Axel Gunnari Ólafssyni, B, Hannesi Þóri Hávarðarsyni, C og D, sem tekið var til dóms 23. mars 1983.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28. október 1982, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur eftirtöldu fólki:

1. Axel Gunnari Ólafssyni, Unufelli 50, fæddum 10. september 1950 í Reykjavík.
2. A ...
3. B ...
4. Hannesi Þóri Hávarðarsyni, Meistaravöllum 23, fæddum 28. ágúst 1934 í Reykjavík.
5. C ...
6. D ...
öllu í Reykjavík.

I. Á hendur ákærða Axel.

1. Fyrir að hafa, föstudaginn 31. júlí 1981, farið inn í húsið nr. 26 við Skólavörðustíg í Reykjavík og stolið kassa með ýmsum munum og nokkrum bókum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2. Fyrir að hafa, aðfaranótt mánudagsins 3. ágúst 1981, slegið sambýliskonu sína, Guðrúnu Gústafsdóttur, fædda 18. september 1950, í andlitið, er þau voru stödd í Yrsufelli nr. 11 í Reykjavík, með þeim afleiðingum, að efri kjálki konunnar brotnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20, 1981.

3. Fyrir að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 11. október 1981, er ákærði var staddur að Hverfisgötu 112 í Reykjavík, stolið veski með 1.700 krónum af Andrésí Árnasyni, fæddum 2. mars 1926.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

4. Fyrir að hafa, aðfaranótt fimmtudagsins 11. febrúar 1982, í félagi við X, brotist inn í kjallara hússins nr. 13 við Klapparstíg í Reykjavík og stolið plötuspilara, magnara, segulbandstæki, 2 hátölurum og ferðaútlarps-tæki.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

II. Á hendur ákærða Hannesi Þóri.

1. Fyrir að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 1. mars 1981, ráðist á Hlyn Júlíusson, fæddan 29. nóvember 1925, í húsinu nr. 23 við Meistaravelli í Reykjavík, hrakið hann og hrint og tekið um kverkar honum og hert að með þeim afleiðingum, að Hlynur hlaut heilaáverka og tímabundið máttleysi í vinstri fæti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

2. Fyrir að hafa, í júní eða júlí 1981, stolið 8 bókum, flestum gömlum, rafmagnsrakvél og 50 króna fullveldispening, ljósmyndavél og rafmagnsrakvél úr húsinu nr. 54 við Grettisgötu í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

3. Fyrir að hafa, laugardaginn 11. júlí 1981, stolið seðlaveski með 3.500 krónum og skilríkjum af Sigurði Ísfeld Karlssyni, fæddum 19. apríl 1941, í veitingahúsinu Óðali við Austurvöll í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

4. Fyrir að hafa, í júlí eða ágúst 1981, stolið segulbandstæki úr versluninni Stokki, Skólavörðustíg 21 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

5. Fyrir að hafa, föstudaginn 7. ágúst 1981, stolið útvarpstæki úr gistiherbergi á Gamla-Garði við Hringbraut í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

6. Fyrir að hafa, í júlímánuði 1981, farið inn í húsið nr. 52 við Grettisgötu í Reykjavík og stolið tvennum jakkafötum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. Á hendur ákærðu Axel Gunnari og Hannesi Þóri.

1. Fyrir að hafa, aðfaranótt miðvikudagsins 26. ágúst 1981, ruðst í heimildarleysi inn í íbúð Mús Kristjónssonar, fædds 28. janúar 1927, að Grettisgötu 54 í Reykjavík, slegið eign sinni á hvítvínsslatta, sem þeir fundu þar, ráðist á húsráðandann, tekið hann fangbrögðum og felld í gólfið, tekið um háls honum og hert að og slegið hann hnefahögg í andlitið, með þeim afleiðingum, að brestur kom í nefbein hans og hann hlaut glóðarauga hægra megin og hrúfl í andliti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr., 231. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20, 1981.

IV. Á hendur ákærðu Hannesi Þóri og B.

Fyrir að hafa, mánudaginn 10. ágúst 1981, farið inn í húsið nr. 52 við Grettisgötu í Reykjavík og stolið þar magnara, plötuspilara, 2 hátölurum, útvarpsviðtæki og 16 hljómplötum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

V. *Á hendur ákærðu Hannes Þóri og C.*

Ákærða Hannesi Þóri fyrir að hafa, aðfaranótt mánudagsins 27. júlí 1981, stolið 1.500 krónum úr skrifborðskúffu Ásgeirs Sigurðssonar, Bergstaðastræti 55 í Reykjavík og á hendur ákærða C fyrir að hafa, skömmu seinna, þegið 500.- kr. af þýfinu af meðákærða Hannesi Þóri, enda þótt hann vissi að peningarnir voru stolnir.

Telst þetta athæfi ákærða Hannesar Þóris varða við 244. gr. almennra hegningarlaga . . .

VI. *Á hendur ákærðu Hannesi Þóri og D.*

Fyrir að hafa, í félagi notað í viðskiptum eftirtalda tékka, sem ákærða D falsaði á stolin eyðublöð, merkt útibúi Landsbanka Íslands á Höfn í Hornafirði, stílaða á handhafa, með nafni Arnórs Kristjánssonar á reikning nr. 2582, fjárhæðir eru í gömlum krónum:

1. Nr. 369404, kr. 50.000, útgefinn 21. júní 1980, greiðsla til hússjóðs Gyðufells 8, Reykjavík.
2. Nr. 369402, kr. 20.000, útgefinn 21. júní 1980, seldur Oliufélaginu h.f., Reykjavík.
3. Nr. 369406, kr. 50.000, sagður útgefinn 19. júní 1980, en seldur 24. júní verslun KRON við Norðurfell, Reykjavík.
4. Nr. 369411, kr. 50.000, sagður útgefinn 20. júní 1980, seldur bensín-sölu Skeljungs í Breiðholti, Reykjavík.
5. Nr. 369413, kr. 100.000, sagður útgefinn 20. júní 1980, greiðsla síma-reiknings til Pósts- og símamálastjórnarinnar.
6. Nr. 369415, kr. 20.000, sagður útgefinn 20. júní 1980, greiðsla til Ólafs Gunnarssonar, bifreiðastjóra, fyrir leiguakstur.
7. Nr. 369407, kr. 270.000, sagður útgefinn 24. júní 1980, en seldur Alþýðubankanum, Reykjavík 25 s.m.
8. Nr. 369408, kr. 169.000, útgefinn 30. júní 1980, seldur Alþýðubankanum.
9. Nr. 369401, kr. 130.000, útgefinn 26. júní 1980, seldur verslun Sláturfélags Suðurlands, Iðufelli, Reykjavík.
10. Nr. 369405, kr. 50.000, sagður útgefinn 19. júní 1980, óvíst um notkun.

Telst þetta allt varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

VIII. *Á hendur ákærðu A og Hannesi Þóri.*

Ákærða A, fyrir að hafa, miðvikudaginn 21. apríl 1982, er hann var staddur í húsinu nr. 25 við Bergstaðastræti í Reykjavík, stolið af húsráð-

andanum Davíð Óskari Grímssyni, 5.030.- krónum og á hendur Hannesi Þóri, fyrir að hafa veitt viðtöku 500.- krónum af þýfinu úr hendi með-ákærða A enda þótt hann hefði séð meðákærða stela fénu.

Telst þetta atferli ákærða A varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, en atferli ákærða Hannesi Þóris við 254. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakarvottorði ákærða Axels Gunnars Ólafssonar hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1967 10/7 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. almennra hegningarlaga. Ákærufrestun í 2 ár frá deginum í dag. Skal háður eftirliti Óskars Clausen rithöfundar.
- 1968 21/2 í Reykjavík: Dómur: Varðhald 30 daga fyrir brot gegn 259. gr. hgl., 25. gr. umfl. og 24. gr. áfl. Sviptur rétti til ökuleyfis í 1 ár.
- 1968 19/11 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi, fyrir brot gegn 244. gr. hgl.
- 1969 15/7 í Reykjavík: Dómur: 10 mán. fangelsi. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu, fyrir brot gegn 73., 106., 244., 245. og 259. gr. hgl. og brot gegn áfl. og umfl.
- 1970 14/1 í Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hgl.
- 1970 30/1 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. hgl. og 20. gr. hgl., en ekki gerð sérstök refsing, sbr. 78. gr. hgl.
- 1970 18/12 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hgl.
- 1972 12/1 í Reykjavík: Dómur: 8 mán. fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 248. gr. hgl. (Mál nr. 11/72).
- 1972 20/1 í Reykjavík: 2 mán. fangelsi fyrir brot á 254. gr. hgl.
- 1973 16/5 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
- 1973 23/5 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr. hgl. (200).
- 1974 15/10 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot á 244. og 246. gr. hgl. (hegn.auki að hluta).
- 1976 8/11 í Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 3. gr., sbr. 8. gr. rgj. nr. 105, 1936, sbr. auglýsingu nr. 94, 1960.
- 1977 14/7 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hgl.
- 1978 14/4 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi fyrir brot gegn 155. gr., 217., 245. og 254. gr. hgl.
- 1978 19/7 í Reykjavík: Sátt, 80.000 kr. sekt fyrir brot á 25., 26., 27. og

37. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 6 mán. frá 19/7 '78.
- 1978 5/9 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr., sbr. 20. gr. hgl..
- 1978 29/9 í Reykjavík: Sátt, 70.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 1 ár frá 19/1 1979.
- 1979 3/5 í Reykjavík: Dómur: 30 daga fangelsi fyrir brot á 217. og 244. gr. hgl.
- 1979 13/5 í Reykjavík: Reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar 80 dögum.
- 1981 6/3 í Reykjavík: Dómur: 4.500 kr. sekt fyrir brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 13/1 1981.
- 1981 9/3 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot g. 27. gr. umfl.
- 1981 15/5 í Reykjavík: Dómur: 6.000 kr. sekt fyrir brot g. 25. og 27. gr. umfl. og 24. gr. áfl.

— — —

Samkvæmt sakavottorði ákærða Hannesar Þóris Hávarðarsonar hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1954 19/3 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfl.
- 1954 15/5 í Reykjavík: Dómur: 9 mán. fangelsi, skb. í 3 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. og 245. og 231. gr. hgl.
- 1955 2/11 í Reykjavík: Dómur: 2.000 kr. sekt fyrir ölvun við akstur, sviptur rétti til ökuleyfis í 6 mán.
- 1955 8/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannaferi.
- 1955 13/12 í Reykjavík: Dómur: 15 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. gr. hgl. (6273/1955).
- 1956 25/1 í Reykjavík: Dómur: 8 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. og 248. gr. hgl.
- 1957 1/4 í Hafnarfirði: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannaferi.
- 1957 3/6 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. gr. hgl.
- 1962 26/1 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot g. 244. og 248. gr. hgl.
- 1963 18/3 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1963 19/3 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1963 2/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1963 13/5 í Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi, skb. í 2 ár, sviptur ökuréttindum í 1 ár frá 13/5 1963 fyrir brot á áfl. og umfl. og f. nytjastuld.

- 1963 26/6 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1963 17/9 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1963 19/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 20/1 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 29/1 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 10/2 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 26/5 í Reykjavík: Dómur: 8 mán. fangelsi fyrir brot á 244. og 248. gr. hgl.
- 1964 23/11 í Reykjavík: Dómur: 2 mán. fangelsi (hegn.auki) fyrir brot gegn 217. gr. hgl. Sýknaður af ákæru um brot gegn 252. gr. hgl.
- 1965 2/3 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 2. tl. 1. mgr. 250. gr. hgl. (Mál nr. 1087/65).
- 1965 21/10 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1966 4/4 í Reykjavík: Dómur: 10 mán. fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hgl. Staðfest í Hæstarétti 22/6 1966.
- 1966 31/5 í Hafnarfirði: Áminning fyrir ölvun.
- 1966 22/7 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi fyrir brot g. 244. gr. hgl.
- 1969 16/1 í Reykjavík: Dómur: 15 mán. fangelsi, fyrir brot gegn 155. gr. hgl.
- 1969 6/3 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot gegn 155. og 244. gr. hgl. (Hegn.auki).
- 1976 15/3 í Reykjavík: Veitt uppreisn æru að því er snertir dóma uppkveðna 15/5 '54, 13/12 '55, 25/1 '56, 3/6 '57, 26/1 '62, 13/5 '63, 26/5 '64, 23/11 '64, 2/3 '65, 22/7 '66, 16/1 '69, 6/3 '69 svo og dóm Hæstaréttar uppkv. 26/6 '66.
- 1979 27/3 í Reykjavík: Sátt, 60.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umfl. Svíptur ökuleyfi í 3 mán. frá 12/3 '79.
- 1979 25/6 í Reykjavík: Sátt, 15.000 kr. sekt fyrir brot á 48. gr. umfl.
- 1981 14/4 í Reykjavík: Sátt, 7.500 kr. sekt fyrir brot á 27. gr., 37., 41., 46. og 50. gr. umfl.
- 1981 7/5 í Reykjavík: Dómur: 6.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umfl. Svíptur ökuleyfi ævilangt frá 11/11 '80.
- 1981 28/10 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi fyrir brot g. 155. gr. og 248. gr. hgl.

— — —

Málsatvik.

Með viðurkenningu ákærða Axels Gunnars Ólafssonar og stoð í öðrum gögnum málsins þykja eftirtaldir verknaðir hans sannaðir:

I.

1. Ákærði hefur viðurkennt að hafa föstudaginn 31. júlí 1981 stolið kassa með ýmsum munum og nokkrum bókum að Skólavörðustíg 26, Reykjavík.

Enginn bótakrafa, þar sem munir komust til skila.

Verknaður ákærða varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Ákærði hefur viðurkennt að hafa í reiðikasti, mánudaginn 3. ágúst 1981 slegið sambýliskonu sína, Guðrúnu Gústafsdóttur, í andlitið, þar sem þau voru stödd í íbúð þeirra að Yrsufelli 11, Reykjavík. Árkærði kvaðst hafa verið ölvaður og undir áhrifum lyfja og orðinn langþreyttur og tauga-slappur.

Vitnið Guðrún Gústafsdóttir kom fyrir dóm 18. janúar 1983 og kvað rétt, að ákærði, Axel Gunnar Ólafsson hafi slegið sig í andlit með krepptum hnefa, eitt högg eða fleiri, en við það brotnaði efri kjálki vitnisins.

Vitnið kvaðst ekki hafa gefið ákærða tilefni til þessa, en hins vegar hafi Axel verið mjög reiður, þegar þetta gerðist.

Vitnið kvaðst ekki hafa náð sér eftir þetta, það vilji bera á tvísýni. Einnig fái það svimaköst og höfuðverk vinstra megin.

Vitnið kvaðst ekki gera kröfu til fébóta.

Áverkavottorð frá Sigurjóni H. Ólafssyni, tannlækni við Háls- nef- og eyrnadeild Borgarspítalans, dagsett 21. september 1981, liggur frammi í málinu. Þar kemur fram:

„Þann 03. 08. 1981 var Guðrún Gústafsdóttir lögð inn á Borgarspítalann í Reykjavík. Hún hafði aðfaranótt innlagningardags verið slegin af sambýlismanni sínum. Við komu er sjúklingurinn mjög bólginn í vinstri hluta andlits og sjúklingurinn finnur fyrir sársauka við kyngingu. Sjúklingurinn er með tvísýni, en telur, að þau augneinkenni hafi verið til staðar frá svipuðum áverka fyrir þremur árum síðan, sem ekki var gert neitt við, þar sem sambýlismaður sjúklingsins mun hafa talið hana af að leggjast inn til aðgerðar þá. Guðrún er aum yfir kinnbeini og efri kjálka vinstra megin. Augnhreyfingar eru eðlilegar. Röntgenmyndir sýna, að um er að ræða brot á framvegg efri kjálkans vinstra megin. Sjúklingurinn er tannlaus í efri kjálka, en hefur efri góms protesu, sem mun hafa brotnað við áverkann. Eins og tekið er fram hér að framan hefur við þennan áverka brotnað framhluti efri kjálkans. Ekki er talin ástæða til sérstakra aðgerða vegna þessa. Á röntgenmyndum, sem teknar eru núna af vinstra kinnbeini koma í ljós sömu broteinkenni og sjást á röntgenmyndum frá 1976 og 1977, en þá kom sjúklingurinn hér á Slysadeild eftir svipaða áverka. Það lítur því út fyrir, að þetta sé í þriðja skipti a.m.k., sem sjúklingnum er misþyrmt af sambýlismanni sínum. Engin ástæða þykir til þess að gera skurðaðgerð og út-

skrifast sjúklingurinn héðan þann 05. 08. 1981 og líður þá mun betur og bólgan mjög í rénum.“

Skýrslur voru teknar af fleiri vitnum hjá rannsóknarlögreglu, en ekki bykir ástæða til að rekja framburði þeirra hér.

Ákærði hefur með athæfi sínu gerst brotlegur við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1981.

3. Ákærði hefur viðurkennt stuld á veski með kr. 1.700.- frá Andrési Árnasyni að Hverfisgötu 112 í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 11. október 1981. Ákærði hefur samþykkt bótakröfu að fjárhæð kr. 1.700.00, sem verður tekin til greina.

Verknaður ákærða varðar hér við 244. gr. almennra hegningarlaga.

4. Ákærði hefur viðurkennt innbrot og stuld í félagi við X aðfaranótt fimmtudagsins 11. febrúar 1982 í kjallara hússins nr. 13 við Klapparstíg í Reykjavík og þeir þar stolið plötuspilara, magnara, segulbandstæki, 2 há-tölurum og ferðaútlarpstæki.

Lögð hefur verið fram bótakrafa frá Jóni Ívari Guðjónssyni að fjárhæð kr. 4.000.-, en hann keypti stolin tæki af ákærða fyrir það verð. Ákærði hefur samþykkt kröfuna, og verður hún tekin til greina.

Verknaður ákærða varðar hér við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Árás á Má Kristjónsson.

Ákærði Axel Gunnar Ólafsson hefur gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi varðandi árásina. Í skýrslu hans fyrir dómi kom fram:

Ákærði viðurkendi að hafa ásamt meðákærða Hannesi ruðst heimildarlaust inn í íbúð Más Kristjónssonar, Grettisgötu 54, Reykjavík, en Hannes opnaði íbúðina með lykli. Tóku þeir þar til að byrja með hvítvín og drukku og síðan meira, áður en þeir yfirgáfu íbúðina.

Ákærði sagði Hannes hafa fyrst lent í átökum við manninn og hafi Hannes tekið hann hengingartaki. Ákærði kvaðst hafa hjálpað Hannesi, þegar honum tókst ekki að vanka manninn. Kvaðst hann sjálfur hafa tekið hann hálstaki og þrýst á slagæðar, en sleppt síðan. Seinna, þegar ákærði var á leið út, kom maðurinn aftur að ákærða, og kvaðst ákærði þá hafa slegið manninn hnefahögg í andlitid og telur allt eins líklegt, að maðurinn hafi við það nefbrotnað. Þeir félagar yfirgáfu síðan íbúðina án þess að taka nokkuð annað en hvítvínið.

Ákærði kvaðst samþykkja bótakröfuna, kr. 10.000.-.

Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson hefur einnig gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, þar sem kemur eftirfarandi fram:

Ákærði viðurkendi að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 26. ágúst 1981

ruðst heimildarlaust ásamt meðákærða Axel Gunnari inn í íbúð Mús Kristjónssonar að Grettisgötu 54, Reykjavík, en ákærði notaði til þess lykil að íbúðinni. Stálu þeir Axel þar hvítvíni, sem þeir drukku, og síðan meira, áður en þeir yfirgáfu húsið.

Ákærði fór inn í svefnherbergi til að hitta húsbóndann, sem skipaði þeim félögum á brott og reyndi að ýta þeim út.

Ákærði kvaðst tvívegis hafa tekið Mús Kristjónsson kverkataki, til þess að hann dasaðist og gæti ekki veitt þeim félögum eftirför. Var þarna um að ræða þéttingsfast tak, og vankaðist maðurinn við það.

Ákærði kvaðst ekki hafa slegið manninn, en kvaðst geta fyllirt, að Axel hafi slegið hann hnefahögg í andlitið.

Ákærða var kynnt skaðabótakrafa frá Mús Kristjónssyni að fjárhæð kr. 10.000.-, og kvaðst hann samþykkja hana.

Vitnið Mús Kristjónsson hefur gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi 21. janúar sl., þar sem kemur fram:

Vitnið kvaðst hafa verið í gleðskap umrædda nótt, eitthvað undir áhrifum áfengis. Vitnið rámaði í það að hafa kveikt sér í pípu, þegar það kom heim, og sá það daginn eftir, að það hafði gengið snyrtilega frá eftir sig, bortið saman fötin sín.

Vitnið kvaðst fyrst muna eftir því, að búíð var að taka það kverkataki og færa fram úr rúminu. Vitnið fann þá til mikillar köfnunartilfinningar og man, að það hélt fyrst í stað, að það hefði fengið martröð. Vitnið kvaðst muna eftir sér liggjandi á gólfinu með handlegg annars manns um háls sér og að kraflað var í augu þess. Vitninu var þá ljóst, að þarna var ekki um martröð að ræða, heldur væri það í lífsháska. Vitnið kvaðst þá alveg hafa brjálást og tókst að losa sig.

Vitnið lenti aftur í stimpingum frammi í eldhúskrók, og urðu þar nokkur átök, fékk vitnið þá högg í andlitið, eitt eða fleiri. Vitninu tókst síðan við illan leik að koma mönnum út úr íbúðinni en þeir reyndust vera tveir.

Vitnið kvaðst hafa jafnað sig að mestu leyti, þó það hafi tekið nokkurn tíma.

Vitnið áréttaði áður framsetta bótakröfu sína.

Læknisvottorð Leifs Jónssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, liggur frammi í málinu, dagsett 16. september 1981. Þar kemur fram:

„Þann 26. 08. 1981 kl. 20:20 var komið með ofanskráðan sjúkling á Slysadeild Borgarspítalans. Sjúklingurinn kemur í fylgd rannsóknarlögreglumanna og er ástæðan líkamsárás, sem hann varð fyrir þann dag. Sjúklingur hafði verið ölvaður í margar vikur, er árásin var gerð, og ekki man hann glöggt atburðarás.

Telur hann að tveir menn hafi ráðist á sig, tekið sig kverkataki og lamið sig og sparkað. Ekki telur hann sig hafa misst meðvitund og ekki kvartar

hann um svima, tvísýni eða ógleði. Kveðst hafa sofið þungt fyrst eftir árássina, haft dálítinn höfuðverk.

Ekki hefur hann miklar subjektivar kvartanir, en skoðun sýnir eftirfarandi:

Útlit sjúklings er mjög sóðalegt, blóðugur kringum vinstra eyra og glóðarauga hægra megin ásamt mari yfir nefrót. Blóðstorka er í hári, engin sár í hárssverði. Blóðstorka í báðum hlustum, heyrn reynist þokkaleg. Subconjuntival blæðing er í báðum augum, augnhreyfingar eru eðlilegar. Augnbotnaskoðun virðist eðlileg.

Örlítill snúður virðist á nefi og sýnir rtg.mynd af andlitsbeinum brest í nefbeini, en ekki virðist það vera úr lagi farið.

Augntönn er brotin, en sjúklingur telur það vera gamalt brot. Marblettir eru á hálsi, gætu samrýnst kverkatakki með olnbogabót.

Lungnahlustun er eðlileg, púls 100/mín., blóðþrýstingur 150/110, sem sagt nokkuð hár.

Almennt álit er eftirfarandi:

Virðist að ýmsu leyti ruglaður, tekinn eftir langvarandi drykkju, en ekki líkamlega mikið meiddur eftir árássina.

Sjúklingur kom hér aftur 03. 09. 1981, kveðst ekki hafa drukkið síðan hann var hér síðast. Er til meðferðar á Geddeild Borgarspítalans og er deprimeraður, en að öðru leyti líkamlega þokkalega haldinn.

Sjúklingur hefur fengið hjá okkur sjúkradagpeningavottorð, sem gildir til og með 04. 09. 1981.

Ekki var sjúklingi stefnt til endurkomu enda hefur hann ekki sótt heim Slysadeild Borgarspítalans vegna þessara meidsla síðan.“

Samkvæmt framanskráðu og stoð í öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærðu Axel Gunnar Ólafsson og Hannes Þórir Hávarðarson hafi ruðst heimildarlaust inn til Más Kristjánssonar að Grettisgötu 54, Reykjavík, aðfaranótt miðvikudagsins 26. ágúst 1981 og stolið þar hvítvíni. Ennfremur ráðist á nefndan Má, tekið hann fangbrögðum og kverkatökum. Þá þykir einnig sannað, að ákærði Axel Gunnar Ólafsson hafi slegið hann högg í höfuðið, þannig að brestur kom í nefbein hans.

Verknaðir ákærðu þykja varða við 1. mgr. 217. gr., 231. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga.

Már Kristjánsson hefur sett fram sundurliðaða bótakröfu, kr. 5.000 fyrir atvinnumissi og kr. 5.000 fyrir þjáningar og annan miska, eða samtals kr. 10.000.-. Ákærðu hafa samþykkt að greiða þessar bætur, og verða þeir dæmdir til að greiða tjónþola in solidum kr. 10.000.-, þar sem krafan þykir sanngjörn.

II. Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson.

Árás á Hlyn Júlíusson.

1. Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson hefur gefið skýrslur hjá rannsóknarlögreglu. Einnig fyrir dómi 13. janúar 1983, þar sem kemur fram:

Ákærði taldi sakaratriðum rétt lýst í ákæru, en tók fram, að Hlynur Júlíusson hafi átt upptökin að átökunum.

Ákærði viðurkenndi að hafa lent í illdeilum við Hlyn Júlíusson aðfaranótt 1. mars 1981 í húsinu Meistaravellir 23, þar sem þeir báðir bjuggu í sitt hvorri íbúðinni.

Ákærði kvað Hlyn hafa átt upptökin. Hafi þetta byrjað með skömmum og rifrildi. Síðan kvaðst ákærði hafa gripið í Hlyn, eftir að Hlynur hafði slegið til hans og ákærði þá tekið hann hálstaki. Þeir ultu þá inn í íbúð ákærða, þar inn í fataskáp, en þá telur ákærði helst, að Hlynur hafi fengið högg á höfuðið. Ákærði tók hann þar kverkataki og herti að. Eftir að Hlynur hafði verið settur fram á stigaganginn, kvaðst ákærði einnig hafa tekið hann taki, kverkataki, en rétt í því kom sonur Hlyns og fór með hann upp í íbúð hans.

Ákærði tók fram, að það hafi aldrei verið ætlan sín að meiða Hlyn, þetta hafi einhvern vegin æxlast svona. Ákærði gerir sér hins vegar grein fyrir því, að Hlynur hlaut af þessu alvarleg meiðsli.

Ákærða var birt bótakrafan frá Hlyni Júlíussyni að fjárhæð kr. 10.000.-. Kvaðst hann samþykkja hana.

Vitnið Hlynur Júlíusson hefur gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi 21. janúar sl., þar sem kemur fram:

Vitnið kvaðst ekki geta lýst atvikum betur en í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu, sem það gaf skömmu eftir atburðinn.

Vitnið sagði heilsufar sitt svipað og í byrjun september 1982, þegar vitnið gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu, alla vega (sic) sé það ekki verra, en ekki merkjanlega betra heldur.

Vitnið áréttaði áður framsetta bótakröfu sína.

Hjá rannsóknarlögreglu 7. mars 1981 kom fram hjá vitninu:

„Hann kveðst umrætt sinn hafa verið að koma af árshátíð ásamt eigin konu sinni. Nokkuð hafi verið áliðið nætur er þau komu heim. Þau hafi farið upp og í íbúð þeirra. Hann hafi verið kominn inn í íbúðina og verið búinn að fara úr frakka og jakka, þegar Hannes Hávarðarson hafi komið upp í stigann og verið eitthvað að röfla. Ekki kveðst hann muna hvað hann hafi verið að segja. Hannes hafi farið niður aftur en verið með hávaða og læti. Hann kveðst þá hafa farið fram og niður og að hann minnir kominn niður í neðstu tröppuna fyrir ofan stigapallinn framan við íbúð Hannesar. Ekki kveðst hann muna hvort þeir Hannes hafi ræðst við. Hann hafi staðið í tröppunni er Hannes hafi ráðist að sér og hrint sér. Hann kveðst

hafa reynt að taka á móti, en menn eða maður hafi komið Hannesi til aðstoðar og hann strax verið yfirbugaður. Hann kveðst muna eftir að tveir menn komu þarna og að a.m.k. annar þeirra hafi tekið á sér ásamt Hannesi. Þarna frammi á stigapallinum hafi einhver tekið á sér hálstak aftanfrá og hert að. Hann kveðst ekki vita hver það gerði. Í þessu taki hafi hann verið dreginn inn í íbúð Hannesar og sér hnoðað þar að nokkru inn í fata-skáp innan við dyrnar. Þar hafi einhver mannanna tekið sig kverkataki, það er að einhver hafi tekið um háls sér framanfrá með greipinni og hert að. Kveðst hann þá hafa fundið köfnunartilfinningu og misst mátt. Kona sin hafi komið sér þarna til aðstoðar og hann hafi komist út úr íbúðinni. Hann kveðst ekki muna eftir neinu sérstöku eftir þetta, en hann hafi verið mjög dasaður og sonur sinn komið og aðstoðað sig upp í íbúð sína.

Hann kveðst muna að hann hafi fengið högg á höfudið frammi á stigapallinum. Ekki muni hann fyrir víst hvort það var eitt eða fleiri högg. Það hafi verið er honum var haldið í hálstakinu og kveðst hann halda að hann hafi slegist utan í dyrakarminn, er mennirnir voru að drösla sér inn í íbúðina, en hann kveðst ekki geta munað þetta fyrir víst.

Hann kveðst muna, að er búið var að hnoða honum að nokkru inn í skápinn, þá hafi hann fundið að einhver var að leita í vösum sínum. Hann hafi talið að ætlunin væri að ræna einhverju af sér, en hann hafi ekki verið með neitt féfætt, þar sem hann hafi verið búinn að fara úr jakkanum upp í íbúð sinni áður. Hann segir að annar maður ásamt Hannesi hafi frammi á stigapallinum blandað sér í átökin, er verið var að drösla sér inn í íbúðina. Hann kveðst ekki geta lýst því nánar hvað maður þessi gerði, en það hafi verið Hannes einn sem átti upptökin að þessu. Hann kveðst ekki þekkja mennina sem voru með Hannesi og ekki treysta sér til að gefa lýsingu á þeim.

Hann kveðst hafa fundið til máttleysis er hann var í hálstakinu og fékk högg á höfudið og einnig hafi hann þá orðið var við köfnunartilfinningu. Það hafi hins vegar verið mikið verra þegar hann var tekin kverkatakinnu. Þá hafi hann dasast og fundið mikla köfnunartilfinningu.

Hann kveðst sjálfur hafa verið talsvert undir áhrifum áfengis er þetta gerðist, en þó fyllilega sjálfbjarga.“

Hjá rannsóknarlögreglu 3. september 1982 kom fram hjá vitninu Hlyni Júlíusssyni:

„Hann segir að eins og fram hafi komið áður hafi hann verið fluttur á spítala til meðferðar. Hann hafi smám saman fengið aftur mátt og náð stjórn á hreyfingum fótans. Hann hafi getað hafið vinnu aftur eftir einn og hálfan mánuð. Kveðst hann telja að nú hafi hann fullan mátt í fætinum og hafi einnig fulla stjórn á honum, en á ilinni sé dofinn blettur, þar sem hann hafi ekki fulla tilfinningu. Kveðst hann telja að það séu afleiðingar

árásarinnar. Þá segir hann, að aðrar afleiðingar árásarinnar séu þær að hann fái alltaf höfuðverk ef hann þurfi að bogra. Þessi tvö atriði hafi ekki batnað.“

Rannsóknarlögreglan hafði sambandi við Grétar Guðmundsson, lækni á taugadeild Landspítalans 7. mars 1981. Um það er skráð:

„Grétar sagði að Hlynur væri með lömum í útlimum vinstra megin. Orsök lömunarinnar væri heilasköddun, en ekki væri á þessu stigi hægt að segja um hvort lömunin væri tímabundin eða að einhverju leyti varanleg. Við komu á spítalann hefði Hlynur verið með áverka ofan við vinstra auga og með glóðarauga þeim megin. Lýsing Hlyns á atburðum hefði verið nokkuð óljós, en ástæða fyrir því gæti verið heilasköddunin. Aðspurður um hver ástæða gæti verið fyrir heilasködduninni sagði læknirinn að á þessu stigi væri ekki hægt að fullyrða um það. Hugsanlega gæti hún stafað frá höfuðhöggi. Þetta gæti einnig verið afleiðing kverkataks.“

Í bráðabirgðavottorði sama læknis, dagsettu 8. mars 1981, segir orðrétt:

„Að sögn sjúklings varð hann fyrir líkamsárás um kl. 03:00 aðfaranótt 01. 03. 1981. Fékk m.a. áverka á höfuð, aðallega vinstra megin og var tekinn kverkataki. Varð fljótlega eftir þetta var við máttleysi og dofa í vinstri hönd og handlegg. Sofnar síðan og nefnd einkenni horfin þegar hann vaknar næsta morgun en tók þá aftur á móti eftir máttleysi í vinstra fæti — ganglim. Lagður inná taugadeild Landspítala 02. 03. 1981.“

Við skoðun þá upphafið lyktarskyn á hægri nös. Væg lömun við hreyfingar í vinstra ganglim og sinaviðbrögð þar jafna við að vera aukin og vinstra ilviðbragð er óeðlilegt. Húðskyn skert á vinstri rist. Glóðarauga vinstra megin og marblettur á utanverðu vinstra hné.

Þau einkenni, sem eru talin upp hér benda til skemmdar í hægri helmingi heila.“

Niðurstöður áverkavottorðs John E. G. Benedikz, læknis á taugalækningadeild Landspítalans, dagsetts 27. maí 1981, orðréttar:

„Það getur ekki verið neinn vafi á að sjúklingur hefur fengið höfuðáverka með skemmd á heila. Það sýndi sig greinilega með alveg klár einkenni í vinstri útlimum. Orsökina er sennilega tvíþætt:

Í 1. lagi beinn áverki á höfuð og heila og í 2. lagi óbeint, þ. e. kverkatak og þrenging á carotis æðar með þeim afleiðingum að blóðflæði upp í höfuð minnkar og veldur iscaemiu og jafnvel infarct breytingar. Einkennin hafa gengið að mestu leyti til baka á nokkrum dögum. Þó að það eru ekki hrein óbejtv einkenni um heilaskemmd á ég erfitt að trúá því að varanleg skemmd sé til staðar, þó að það sé ekki hægt að mæla það með þeim grófum aðferðum sem við höfum. Það getur verið þáttur í hans núverandi astheniu, en það er hvorki hægt að sanna né afsanna enda horfur ættu samt að vera í heild góðar og jafnvel fullkominn bati, þó það geti tekið

marga mánuði. Auk þess hefur hann fengið áverka á n. peroneus vinstra megin og það sennilega aðalorsökin fyrir hans drop-foot sem er enn til staðar og ætti það smávegis að ganga til baka yfir næstu mánuði, þó hvort það verður fullkominn bati er ekki hægt að svara eins og er. 3. atriðið er það sem kom í ljós við síðustu skoðun 25. 05. og það er verkir í hægri handlegg, ég tel þetta vera hjartaverkir, sem sagt angina pectoris, ég get ekki séð að það sé bein afleiðing slysis, vísa til hjartalæknis, bæði til rannsóknar og meðferðar. Endaálit um þennan þátt í hans sjúkrasögu verður að koma frá viðkomandi cardiolog.

Með tilliti til síðustu spurningar, þ. e. 2 c, get ég ekki séð að önnur skýring á hans einkennum væri hægt að verja á skynsamlegan máta. Að lokum er bara rétt að minnst á eitt „caveat“ subdural hæmorrhagia getur alltaf komið yfir næstu mánuði eftir slysið og valdið vaxandi compression á heila, það eru engin merki um það núna og er ekki ástæða til að gera annað en að bíða og sjá til.“

Eiginkona vitnisins Hlyns Júlíussonar, sem einnig er vitni í málinu, hefur eigi verið kölluð fyrir dóm. Framburður hennar hjá rannsóknarlögreglu fer að mestu saman við framburð manns hennar.

Sonur vitnisins, Júlíus Hlynsson, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu, þar sem fram kemur:

„Ég var sofandi heima aðfaranótt sl. sunnudags, 1. þessa mánaðar. Um nóttina vaknaði ég svo við það að foreldrar mínir voru að koma heim. Ég heyrði að foreldrar mínir voru komnir upp í íbúð, en þá heyrði ég að einhver var að kalla niðri í stigagangi og að faðir minn svaraði og svo heyrði ég hann fara niður.

Ég ákvað að fara og sækja föður minn og klæddi mig því í buxur og var að leggja af stað niður þegar ég heyrði móður mína kalla til mín.

Þegar ég kom niður í stigann sá ég að faðir minn lá á gólfinu fyrir framan íbúðina hjá Hannesi Hávarðarsyni og Hannes var ofan á honum. Einhverjir menn voru þarna hjá, en ég geri mér ekki grein fyrir hvar þeir voru eða hvað að gera. Þegar ég kom að voru þeir ekki í átökum við föður minn. Ég tók ekki eftir hvernig Hannes hélt föður mínum, þannig að ég þori að fullyrða um það, en á vinstri hlið og Hannes virtist sitja ofan á honum.

Ég tók í Hannes og hann sleppti þá föður mínum strax. Ekki kom til átaka milli mín og Hannesar, þar sem hann fór strax inn í sína íbúð og þangað fóru á eftir honum mennirnir sem með honum voru.“

Vitnið Axel Gunnar Ólafsson, sem einnig er meðákærður í máli þessu, kom fyrir dóm 18. janúar 1983 og staðfesti þar skýrslur sínar hjá rannsóknarlögreglu. Í skýrslu vitnisins 10. mars 1981 kemur eftirfarandi fram:

„Það fyrsta sem ég sá af átökunum var það að ég sá Hannes og Hlyn koma inn í íbúðina í fangbrögðum. Ég man ekki alveg fyrir víst hvort ég

sat þá inni í stofu eða hvort ég var þá staðinn upp. Eg man ekki að lýsa hvernig þeir héldu tökum, þetta voru bara ryskingar, svo dattu þeir bara, og lentu að nokkru inn í skápinn á ganginum í íbúð Hannesar. Mig minnir að Hannes hafi þar lent undir og legið á bakinu. Við Friðrik rifum þá fljótt í sundur en ég man ekki að lýsa hvernig við gerðum það. Við bara gengum á milli og létum karlinn fram á stigapallinn. Hannes fór þá fram á stigapallinn og þá upphófst rifrildi aftur. Einhverjar ryskingar urðu milli þeirra þar aftur en ég man ekki að lýsa hvernig þær voru. Ég fór a.m.k. einu sinni fram á ganginn til að reyna að skilja þá en það kom út á eitt, þeir voru svo æstir að þeir bara ruku saman aftur. Ég vissi að þetta mundi enda með að lögreglan kæmi í þetta svo ég reyndi að halda mig frá þessu.“

Mætti er spurður hvort hann hafi séð hvernig Hlynur lá þegar hann féll inn í skápinn.

„Ég held að hann hafi legið að einhverju leyti ofan á Hannesi. Ég þori ekki að fara með hvort hann lá á bakinu eða á grúfu. Það var eiginlega það eina sem maður hugsaði þarna að nú kæmi lögreglan.“

Í skýrslu vitnisins Friðriks Péturs Magnússonar Welding, sem ekki hefur komið fyrir dóm, en skýrslan var gefin hjá rannsóknarlögreglu 7. mars 1981, kemur fram:

„Einhverja stund segir mætti þá félagar hafa verið búna að dvelja í íbúð Hannesar er dyrabjöllunni var hringt. Hafi Hannes farið til dyra og þar fyrir framan, að mætti telur sig fara með rétt, verið einhver maður og kona er hann telur sig ekki hafa áður séð. Segir mætti að „hávaðarifrildi“ hafi upphafist án þess hann muni orðaskipti og mætti síðan séð Hannes detta aftur fyrir sig í íbúð sína og mætti við svo búið ásamt sennilega Axel Gunnari þá farið að gefa þessu frekari gaum og huga að því hvað væri á seyði. Kveðst hann telja sig muna það rétt, að þá hafi Hannes verið frammi á ganginum, framan við íbúðina, og þar legið ofan á manni þeim, sem áður er nefndur. Segir hann þá tvo hafa reynt að skilja átök í milli Hannesar og mannsins og segir að auki: „Ég man ekki betur en ég hafi séð skurð rétt fyrir ofan augabrún sennilega vinstra megin er ég kom að þeim liggjandi í ganginum en mér virtist lítið blæða úr sárinu.“ Mætti kveðst ekki hafa hugmynd um, með hvaða hætti skurður þessi kom á manninn eða nánar um það vita. Viðureignin hafi staðið stutta stund og maðurinn og konan farið við svo búið upp í húsinu og inn í íbúð þeirra, sem mætti segir vera á næstu hæð fyrir ofan.“

Með stöð í viðurkeiðningu ákærða Hannesar Þóris Hávarðarsonar og vitnaframburðum, sem að nokkru hafa verið raktir hér að framan, verður að teljast sannað, að ákærði Hannes Þórir hafi veitt Hlyni Júlíussyni þá áverka, sem í ákæru greinir, og þykir þessi verknaður hans varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Hlynur Júlíusson hefur sett fram kröfu fyrir þjáningar og miska að fjárhæð kr. 10.000.00. Um beint fjártjón kvað hann ekki hafa verið að ræða.

Ákærði Hannes Þórir hefur samþykkt að greiða tjónþóla þessar bætur, sem að mati dómars eru eigi of háar. Verður ákærði því dæmdur til að greiða þær.

2. Ákærði hefur viðurkennt að hafa stolið í júní eða júlí 1981 8 bókum, rafmagnsrakvél, 50 kr. fullveldispeningi, ljósmyndavél og rafmagnsrakvél úr húsinu Grettisgötu 54 í Reykjavík. Munir þessir komust allir til skila.

Telst þessi verknaður sannaður og varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

3. Ákærði hefur viðurkennt stuld á veskinu frá Sigurði Ísfeld Karlssyni, eins og greinir í ákæru, en í því hafi aðeins verið kr. 1.500.- fyrir utan skilríki.

Telst þessi verknaður sannaður, þannig að ákærði hafi stolið auk veskis kr. 1.500.-, en ekki kr. 3.500.-, eins og ákært er fyrir. Verknaðurinn telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga. Engin bótakrafa.

4. Ákærði hefur viðurkennt stuld á segulbandstæki í versluninni Stokki, Skólavörðustíg 21, Reykjavík, í júlí eða ágúst 1981. Tækið komst til skila.

Verknaður þessi telst sannaður og varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

5. Ákærði hefur viðurkennt að hafa föstudaginn 7. ágúst 1981 stolið útvarpstæki úr gistiherbergi á Gamla-Garði við Hringbraut í Reykjavík. Engin bótakrafa hefur verið gerð.

Verknaður þessi telst sannaður og varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

6. Ákærði viðurkennir að hafa farið inn í íbúð í húsinu Grettisgötu 52 í Reykjavík í júlí 1981 og stolið tvennum jakkafötum. Ákærða var kynnt bótakrafa fyrir svört jakkaföt, kr. 1.000.-. Ákærði samþykkti hana.

Verknaður þessi telst sannaður, og varðar hann við 244. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði verður dæmdur til að greiða Magnúsi Ingólfssyni kr. 1.000.- í skaðabætur.

IV.

Ákærði viðurkendi að hafa farið ásamt meðákærða B inn í íbúð í húsinu nr. 52 við Grettisgötu þann 10. ágúst 1981 og notað til þess lykils. Þar kveður hann þá hafa stolið magnara, plötuspilara, tveim hátölurum, útvarpsviðtæki og 16 hljómplötum. Allir munirnir komust til skila.

Verknaður ákærða Hannesar Þóris Hávarðarsonar þykir sannaður og varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

V.

Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson viðurkendi stuld á peningum frá Ásgeiri Sigurðssyni, eins og í ákæru greinir. Ákærði kvaðst hafa verið með C í húsinu. Ákærði afhenti C fimm hundruð krónur. Ákærði segir C engan þátt hafa átt í þjófnaðinum og alls ekki víst, að honum hafi verið kunnugt um, að peningarnir voru stolnir, enda segist ákærði hafa að auki verið með á sér peninga, sem hann átti sjálfur.

Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson hefur viðurkennt stuldinn, sem þykir sannaður og varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga. Engin bótakrafa kom fram.

— — —

VI.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa í félagi við meðákræðu D notað 10 tékka í viðskiptum í Reykjavík, en tékkana hafði D falsað á stolin eyðublöð með nafni Arnórs Kristjánssonar sem útgefanda. Tékkarnir eru á eyðublaði frá útibúi Landsbanka Íslands á Höfn í Hornafirði, stílaðir á handhafa, reikningsnúmer 3582. Fjárhæðir þeirra eru í gkr.

Tékkarnir eru þessir:

1. Nr. 369404, kr. 50.000, útgefinn 21. júní 1980, greiðsla til hússjóðs Gyðufells 8, Reykjavík.
2. Nr. 369402, kr. 20.000, útgefinn 21. júní 1980, seldur Oliufélaginu h/f, Reykjavík.
3. Nr. 369406, kr. 50.000, sagður útgefinn 19. júní 1980, en seldur 24. júní verslun KRON við Norðurfell, Reykjavík.
4. 369411, kr. 50.000, sagður útgefinn 20. júní 1980, seldur bensinsölu Skeljungs í Breiðholti, Reykjavík.
5. Nr. 369413, kr. 100.000, sagður útgefinn 20. júní 1980, greiðsla síma-reiknings til Póst- og símamálastjórnarinnar.
6. Nr. 369415, kr. 20.000, sagður útgefinn 20. júní 1980, greiðsla til Ólafs Gunnarssonar bifreiðarstjóra fyrir leiguakstur.
7. Nr. 369407, kr. 270.000, sagður útgefinn 24. júní 1980, en seldur Alþýðubankanum, Reykjavík, 25. s.m.
8. Nr. 369408, kr. 169.000, útgefinn 30. júní 1980, seldur Alþýðubankanum.
9. Nr. 369401, kr. 130.000, útgefinn 26. júní 1980, seldur verslun Sláturfélags Suðurlands, Íðufelli, Rvk.
10. Nr. 369405, kr. 50.000, sagður útgefinn 19. júní 1980, óvíst um notkun.

Með viðurkenningu sinni og stoð í öðrum gögnum málsins telst ákærði Hannes Þórir Hávarðarson sannur að sök að hafa notað framangreinda tækka í viðskiptum. Teljast verknaðir hans varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða D kom fyrir dóm 21. janúar 1983 og kannaðist hún þá við að hafa ritað alla tékkana án heimildar. Taldi hún þó hugsanlegt, að einn væri ritaður með samþykki kærands, Arnórs Kristjánssonar. Ekki verður séð, að neitt bendi til þess, að svo hafi verið. Ákærða átti síðan þátt í því með manni sínum, meðákærða Hannesi Þóri Hávarðarsyni, að koma tékkunum í umferð, og verður hún því sakfelld fyrir fölsun og notkun á öllum 10 tékkunum. Þykja verknaðir hennar varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

VIII.

Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson hefur viðurkennt að hafa tekið við úr höndum meðákærða A kr. 500.-, svo sem nánar greinir í ákæru. Ákærði taldi, að sér hafi verið kunnugt um, að þarna var um þýfi að ræða.

Verknaður ákærða telst sannaður og varðar við 254. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Niðurstöður.

Ákærði Axel Gunnar Ólafsson hefur ekki verið dæmdur fyrir hegningarlaga brot síðan 3. maí 1979, og eru nú liðin frá því tæp 4 ár. Áður hafði hann hlotið marga dóma fyrir hliðstæð brot og nú er ákært fyrir. Ákærði hefur verið samvinnugóður við rannsókn málsins.

Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Dómaraþing er kunnugt um það, eins og fram hefur komið í málinu, að ákærði vill snúa af afbrotaleiðinni. Um það hefur fengið vitneskja frá félagasamtökunum Vernd og það verið staðfest af starfsmanni skilorðseftirlits ríkisins. Er ákærði sagður kominn í fasta vinnu og hættur neyslu áfengra drykkja. Með hliðsjón af þessu þykir reynandi að skilorðsbinda refsingu ákærða, ef það gæti orðið til þess að hjálpa honum í því að hverfa af afbrotabrautinni. Verður fullnustu refsingar hans því bundin bæði almennu skilorði 57. gr. almennra hegningarlaga svo og sérstöku skilyrðunum í 1. og 6. tl. sömu lagagrein. Þykir skilorðstími hæfilegur 3 ár frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson hefur á sama hátt langan sakferil að baki. Hann hlaut þó engan fangelsisdóm frá 6. mars 1969 til 28. október 1981 og var veitt uppreisn æru 15. mars 1976. Þann 28. október 1981 var

hann dæmdur í 4 mánaða fangelsi, sem hann hefur tekið út með fullri dagatölu.

Ákærði Hannes Þórir hefur komið sérstaklega vel fram við rannsókn þessara brota hans nú. Hann hefur játað vel og skilmerkilega og gert allt til að upplýsa málin. Samkvæmt upplýsingum frá verjanda hans við munnlega flutta vörn 23. f.m. hefur ákærði byrjað nýtt líf. Hann mun nú búa með ungum syni sínum, hafa fasta vinnu og vera hættur neyslu áfengra drykkja. Allt þetta var þó dómáranum kunnugt um frá sömu aðiljum og upplýsingarnar um ákærða Axel Gunnar stöfuðu frá.

Refsing ákærða Hannesar Þóris Hávarðarsonar ákveðst 12 mánaða fangelsi.

Reynandi þykir á sama hátt og með ákærða Axel Gunnar að skilorðsbinda refsinguna, ef það gæti hjálpað ákærða af afbrotabrautinni. Verður því fullnusta refsingar hans bundin bæði almennu skilorði og sérstöku skilyrðunum í 1. og 6. tölulið 57. gr. almennra hegningarlaga. Haldi ákærði öll þessi skilyrði í 5 ár frá dómsuppkvaðningu, fellur refsing hans niður að þeim tíma liðnum.

— — —

Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson verður dæmdur til að greiða kr. 8.000.- í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl.

— — —

Annan kostnað, sem leitt hefur af máli þessu, greiði ákærði Axel Gunnar Ólafsson að $\frac{1}{3}$ hluta og ákærði Hannes Þórir Hávarðarson að $\frac{2}{3}$ hlutum.

D ó m s o r ð:

Ákærði Axel Gunnar Ólafsson sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson sæti fangelsi 12 mánuði.

— — —

Fresta skal fullnustu refsinga ákærðu Axels Gunnars Ólafssonar, Hannesar Þóris Hávarðarsonar og D, enda haldi þau hvert fyrir sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, en ákærðu Axel Gunnar Ólafsson og Hannes Þórir Hávarðarson að auki sérstöku skilyrðin í 1. og 6. tölulið sömu lagagreinar. Skilorðstími ákærða Axels Gunnars Ólafssonar er ákveðinn 3 ár, ákærða Hannesar Þóris Hávarðarsonar 5 ár og ákærðu D 2 ár, en tíminn er miðaður við uppkvaðningu dómsins. Komi til fullnustu

refsingar hjá ákærða Hannesi Þóri Hávarðarsyni, skulu dragast frá 12 gæsluvarðhaldsdagur.

— — —

Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson, greiði kr. 8.000.- í málsvarnar-laun til skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl.

— — —

Annan kostnað, sem leitt hefur af máli þessu, greiði ákærði Axel Gunnar Ólafsson að $\frac{1}{3}$ hluta og ákærði Hannes Þórir Hávarðarson að $\frac{2}{3}$ hlutum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. apríl 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 7. apríl, er á þingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í máli nr. 136/1983: Ákæruvaldið gegn Axel Gunnari Ólafssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 25. janúar sl., gegn „Axel Gunnari Ólafssyni, Unufelli 50, Reykjavík, fæddum 10. september 1950 þar í borg, fyrir að hafa, þriðjudaginn 11. maí 1982, stolið 2000 krónum frá Jóni Vilhjálmsyni, bifreiðarstjóra, við áfengisútsöluna á Snorrabraut í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Kl. 1845 þriðjudaginn 11. maí sl. kom Jón Vilhjálmsson, leigubifreiðarstjóri á Hreyfli, til heimilis að Ægisíðu 96, á aðallögreglustöðina í Reykjavík og sakaði ákærða um þjófnað á 2.000 krónum. Kærandi skýrði svo frá, að hann hefði ekið ákærða við 3. mann frá Meistaravöllum 29 að áfengisútsölnunni við Snorrabraut. Þar fór ákærði úr bifreiðinni ásamt öðrum farþega, en sá 3. sat kyrr í framsætinu. Honum tókst að taka seðlaveski kæranda úr buxnavasa hans og kasta því aftur í. Í því kom ákærði að bifreiðinni, hafði orð á, að hann hefði fundið það í aftursætinu og rétti kæranda veskið. Kærandinn ók síðan þremmingunum aftur að Meistaravöllum 29. Þar saknaði hann 20 stykkja af 100 króna seðlum. Fór því aftur inn í húsið, talaði við farþega sína og fékk ákærða með sér. Ákærði neitaði upphaflega sakargiftum, en eftir fund á framangreindum seðlum játaði hann.

Ákærði hefur viðurkennt við rannsókn og meðferð málsins peningaþjófnaðinn. Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði verið aftur í bifreiðinni

með Tryggva Rúnari Leifssyni, en einhver „Mási“ í framsætinu. Er ákærði og Tryggvi Rúnar komu út úr útsölnunni sá ákærði „Mása“ taka veskið af ökumanninum og henda því aftur í. Ákærði sá það liggja á götunni og telur að það hafi fallið úr bifreiðinni, er hann opnaði hurðina. Veskið opnaðist, er það lenti í götunni, og úr því hrukku tvö búnt af 100 kr. seðlum. Ákærði stakk á sig peningunum og afhenti ökumanninum veskið. Er ökumaðurinn kom aftur að Meistaravöllum 29 og kvartaði um peningamissinn, sagði ákærði, að „Mási“, sem fór úr við vísösluna hefði sennilega tekið peningana. Ákærði bauðst til að fara með ökumanninum að leita að „Mása“. Er hann fannst ekki, ók kærandi ákærða til lögreglunnar. Þar játaði ákærði brot sitt, eftir að peningarnir fundust á honum.

Peningataka ákærða varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga, og hefur ákærði með henni unnið til fangelsisrefsingar samkvæmt lagagreininni, sbr. 72. gr., 78. gr. og 255. gr. sömu laga. Þó verður með vísan til dómsins frá í gær, sem kveðinn var upp af öðrum dómara, ekki talið rétt að gera sérstaka refsingu í þessu máli, enda verður sá dómur ekki dæmdur upp samkvæmt 60. gr. laganna með tilliti til þess, hve nýr hann er og brotandlag í þessu máli lítið miðað við andlagið í hinum dóminum.

Kærandi hefur gert kröfu um, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum 500 krónur vegna vinnutaps (300 kr.) og óþæginda (200 kr.) ásamt hæstu dómvöxtum. Ákærði hefur samþykkt kröfuna. Ákærði verður því dæmdur til að greiða Jóni Vilhjálmssyni, Ægisíðu 96, Reykjavík, 500 krónur með 39% ársvöxtum frá 11. maí 1982 til 1. nóvember 1982 og 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dómsins og síðan hæstu innlánsvexti frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Ákærði greiði einnig sakarkostnaðinn.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Axel Gunnari Ólafssyni, verður ekki gerð sérstök refsing í málinu.

Ákærði greiði Jóni Vilhjálmssyni, Ægisíðu 96, Reykjavík, 500 krónur með 39% ársvöxtum frá 11. maí 1982 til 1. nóvember 1982 og 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dómsins og síðan hæstu innlánsvexti frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. maí 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 11. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómar, kveðinn

upp dómur í sakadómsmálinu nr. 188/1983: Ákærvaldið gegn Hannesi Þóri Hávarðarsyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 18. ágúst 1982, á hendur ákærða, Hannesi Þóri Hávarðarsyni, Kirkjugarðsstíg 8, Reykjavík, fæddum þar í borg 28. ágúst 1934, „fyrir að falsa nafn Jónatans Jóhannessonar á úttektarseðil í Útvegsbanka Íslands, aðalbanka, Reykjavík, og taka út af bók þess manns nr. 38933 við útibú bankans í Vestmannaeyjum kr. 9.000.- án þess að hafa til þess heimild. Úttektin fór fram þann 12. maí 1982.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ennfremur fyrir að hafa að kvöldi þess sama dags stolið peningaveski frá manni í veitingastaðnum Hollywood í Reykjavík en í veskinu voru auk skilríkja kr. 100.- í peningum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

1. Jónatan Jóhannesson, Miðstræti 9, Vestmannaeyjum, kom í skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins 17. maí 1982 og skýrði svo frá, að hann hefði komið til Reykjavíkur 9. maí og þá verið ölvaður og var svo allt til 12. maí, en hann dvaldi í Garðastræti 2, þar sem hann var með herbergi á leigu. Að morgni 13. maí tók hann eftir því, að buið var að taka kr. 9.000.- út úr bankabók, sem hann átti við útibú Útvegsbankans í Vestmannaeyjum, en hún var geymd í vindlakassa á borði í herberginu að Garðastræti 2. Hann kvaðst hafa verið mikið ölvaður umrædda daga og gæti hann því ekki sagt til um það, hverjir hafi verið þarna að verki, en taldi það af og frá, að hann hefði bedið nokkurn mann að taka út úr bókinni fyrir sig.

Við rannsókn kom í ljós, að skrifaður hafði verið úttektarmiði á Útvegsbankann með nafni Jónatans fyrir kr. 9.000.-, dagsettur 12. maí 1982. Jónatan neitaði með öllu að hafa undirritað úttektarmiðann og kvað undirskriftina falsaða.

Við yfirheyrslu yfir ákærða hjá RLR 14. maí kom fram, að hann hefði tekið út kr. 9.000.- úr framangreindri bók Jónatans. Kvaðst ákærði hafa gert þetta skv. beiðni hans og hafi hann síðan farið fyrir hann og keypt áfengi. Sjálfur hafi hann fengið lánaðar kr. 3.000.- af þessu fé. Við nánari yfirheyrslu 21. maí kvaðst hann hafa ritað nafn Jónatans á úttektarseðilinn, enda talið sig hafa samþykki hans til þess. Hann kvaðst sjálfur ekki hafa haft skilríki, en hann hafi framvísað sjúkrasamlagsskirteini Jónatans í

bankanum. Hann sagði Jónatan hafa verið ölvaðan, þegar hann afhenti ákærða bókina í Garðastræti 2. Hann kvaðst hafa afhent honum kr. 5.000,-, eftir að hann hefði keypt 4 flöskur af brennivíni fyrir hann.

Jónatan Jóhannesson hefur með öllu neitað að hafa beðið ákærða að taka út umrædda peninga og að hafa lánað honum fé. Hann kvaðst sjálfur hafa verið með öllu peningalaus daginn eftir umrædda úttekt og m. a. orðið að slá lán hjá kunningja fyrir fargjaldi í strætisvagni. Hann gerir kröfu til þess, að ákærði greiði sér kr. 6.290.-, en Jónatan voru við rannsókn málsins afhentar kr. 2.710.-, sem voru í fórum ákærða.

Ekki náðist í Jónatan þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að fá hann fyrir dóm.

Ákærði hefur fyrir dómi staðfest fyrri framburð sinn um þetta mál.

Niðurstaða.

Sannað er með eigin framburði ákærða, að hann hefur ritað nafn Jónatans Jóhannessonar á umræddan úttektarseðil og notað hann til úttektar á kr. 9.000.- úr bankabók hans. Ákærði hefur ekki fært fram haldbær gögn til stuðnings þeirri fullyrðingu sinni, að hann hafi haft samþykki Jónatans til nafnritunarinnar og úttektarinnar. Verður hann því hér talinn sannur að sök um skjalafals skv. 1. mgr. 155. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

2. Ákærði hefur sagt, að hann hafi fundið veski á salernisgólfi í veitingahúsinu Hollywood 12. maí 1982. Í því hafi verið einhverjir peningar, sem gætu hafa verið 50—60 krónur og hafi hann slegið eign sinni á þá. Veskið setti hann síðan í póstkassa á Laugavegi og fannst það þar. Engin skýrsla var tekin af eiganda veskisins við rannsókn málsins.

Sannað er með eigin játningu ákærða, að hann sló eign sinni á peninga, kr. 50—60, úr umræddu veski, og verður að telja, að hann hafi með því brotið gegn 246. gr. alm. hgl., en ekki 244. gr., eins og ákært er út af.

Frá árinu 1954 hefur ákærði 14 sinnum hlotið dóma fyrir ýmis brot gegn hegningarlögum, einkum brot gegn 244., 248. og 155. gr. alm. hgl. Hinn 28. október 1981 hlaut hann 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 248 gr. alm. hgl. Hinn 6. apríl sl. var hann dæmdur í 12 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, fyrir brot gegn 155., 217., 218., 231., 244. og 254. gr. alm. hgl.

Skv. 60. gr. almennra hegningarlaga ber hér að dæma ákærða refsingu í einu lagi fyrir brot skv. dóminum frá 6. apríl sl. og brot þau, sem hér eru til meðferðar, og ber að tiltaka refsinguna með hliðsjón af 78. gr. alm. hgl. Eftir atvikum þykir ekki ástæða til að bæta við refsingu þá, sem ákærði hlaut skv. framangreindum dómi. Verður refsingin því ákveðin fangelsi í 12 mánuði. Enda þótt sakaferill ákærða sýnist vart gefa tilefni til skilorðsbindingar, þykir ekki annað fært en að láta ákvæði dómsins frá

6. apríl um skilorðsbindingu haldast, enda er þar dæmt um meginbrotin. Skal því fullnustu refsingar frestað og hún niður falla að liðnum 5 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. Þá skal og haldast það ákvæði ofangreinds dóms, að komi refsingin til fullnustu, dragist frá henni gæsluvarðhald ákærða, 12 dagar.

Svo sem fyrr er rakið, gerir Jónatan Jóhannesson þá kröfu á hendur ákærða, að hann verði dæmdur til að greiða sér kr. 6.290.-. Ákærði hefur hafnað bótakröfu þessari. Með tilvísan til niðurstöðu refsipáttar málsins verður ákærði dæmdur til að greiða Jónatan ofangreinda fjárhæð.

Að lokum dæmist ákærði til greiðslu málskostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hannes Þórir Hávarðarson, sæti fangelsi í 12 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum 5 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955. Komi refsingin til framkvæmda skulu dragast frá henni 12 gæsluvarðhaldsdagar ákærða.

Ákærði greiði Jónatan Jóhannessyni, Miðstræti 9, Vestmannaeyjum kr. 6.290.- í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 20. febrúar 1984.

Nr. 85/1981. **Byggingasamvinnufélagið Aðalból (B.S.A.B.)**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Sveitarsjóði Mosfellshrepps

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Stjórnsýslugerningar. Ólögmati reglugerðar. Gatnagerðargjald. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.